



Gledilega hátíð!

Langri opnunartími yfir jólin

| | |
|--------------------|-------------|
| 19. - 22. desember | kl. 10 - 22 |
| 23. desember | kl. 10 - 23 |
| 24. desember | kl. 10 - 12 |
| 27. desember | kl. 10 - 20 |

NETTÓ



Fréttabréf Lindasóknar

3. tbl. 1. árg. júl 2002

Gledileg jól



Lindakirkja

HELGIHALD YFIR HÁTÍÐARNAR

Aðfangadagur jóla

Í Lindaskóla kl. 16. Jólástund fjölskyldunnar.

Hátíðleg og fjörug stund sem hentar ungum fjölskyldum og stálpuðum börnum sem bíða í ofvæni eftir að klukkan verði sex.

Í Lindaskóla kl. 18. Aftansöngur.

Annar dagur jóla.

Í Lindaskóla kl. 11. Skírnarguðsþjónusta.



**INNROMMUN
KÓPAVOGS**
Hlíðarsmára 11
Sími 555 7650 • Fax 555 7651



Fréttabréf Lindasóknar

Ritnefnd:

Geir A Guðsteinsson, Galtalind 1 og Guðmundur Karl Brynjarsson

Ábyrgðarmaður:

Guðmundur Karl Brynjarsson

Fyrsta starfsvikan í safnaðarheimili Lindasóknar

Eins og sóknarbörn í Lindasókn hafa eflatið orðið vör við þá er safnaðarheimili Lindasóknar komið á væntanlega kirkjulóð. Húsið er lýst upp með skærum jólaljósum síðan um síðustu helgi. Að vísu hefur það valdið nokkrum misskilningi og til gamans má geta þess að kona nokkur sem er nýflutt í Salahverfi varð til að lýsa yfir ánægju sinni með að hvað allt gengi hratt fyrir sig í Kópavogi, strax væri búið að koma upp aðstöðu til að selja flugelda. Það skal tekið fram að EKKI verða seldir flugeldar í safnaðarheimilinu.

Um er að ræða 86 fermetra hús sem er bráðabirgðaaðstaða fyrir skrifstofur sóknarprests og organista auk 40 fermetra safnaðarsals sem þegar hefur verið tekinn í notkun.

Vatnslaus mömmumorgunn

Húsið var sett tilbúið á grunninn mánudagskvöldið 2. desember sl. Þá voru eftir ærin verkefni, t.d. að tengja vatn, skólp, rafmagn og síma. Þar sem engin hús eru fyrir við Uppsali var ærin fyrirhöfn að koma þessu öllu í safnaðarheimilið. Engu að síður var staðið við fyrir fram auglýsta dagskrá og þriðjudaginn 10. desember var haldin kynning á mömmumorgnum. Þá hafði rafmagnstengingunni verið komið á húsið en ekkert var vatnið. Þar sem aðgengi að Safnaðarheimilinu var ekki gott var ákveðið að fylgja ekki eftir auglýsingunni í Fréttabréfinu um kynningarfundinn en sjá til hversu margir mættu. Þrátt fyrir válynt veður að morgni þess 10. og miklar torfærur mættu þrjár áhugasamar mæður með börnum sínum, fæddum og ófæddum. Setið var og spjallað og lagt á ráðin með mömmumorgna á nýju ári en þeir munu hefja göngu sína af fullum krafti þriðjudagsmorguninn 15. janúar 2002. Umsjón með mömmumorgnum hefur Harpa Karlsdóttir.

Í síðdeginu hélt sóknarnefndin sinn fyrsta fund á nýjum stað en fram til þessa hafði hún notið gestrisni Hjallasafnaðar og haldið fundi sína í Hjallakirkju.

Sama kvöld var haldin fyrsta kóræfing kirkjukórsins í safnaðarheimilinu. Kórfélagar létu það ekki á sig fá þótt kynt væri með rafmagnsblásara og ekkert vatn á staðnum og sungu af hjartans lyst.

Syngjandi göngugarpar úr Salaskóla

Á fimmtudeginum kom saman mikið fjölmenni í safnaðarheimilinu þegar Foreldrafélag Salaskóla stóð fyrir aðventugöngu. Gönguhópurinn, um 250 manns lagði leið sína í safnaðarheimilið og söng nokkur jólalög við undirleik organistans, Hannesar Baldurssonar

LLL KFUM&K - Kátt á kynningarfundi

Mikill handgangur var í öskjunni föstudaginn 13. desember þegar haldinn var kynningarfundur á LLL KFUM&K starfinu fyrir 9-12 ára börn í safnaðarheimilinu. Þar var sungið og leikið, sýnd töfrabroð og lesin jólasaga með boðskapnum um Guð sem fæddist sem lítið barn. Eins og fram kom í síðasta tölublaði Fréttabréfs Lindasóknar er um að ræða samstarf við KFUM&K sem leggur til starfsins margfrægan tveggja hæða Lundúnastrætó sem mun sækja börnin á ákveðna staði í hverfunum og skila þeim þangað aftur að lokinni samveru. Strætóinn er auk þess búinn alls konar leiktækjum sem hægt er að leika sér í þegar dagskrá er lokið í Safnaðarheimilinu. Fyrsta samvera á nýju ári verður föstudaginn 17. janúar nk. Umsjónarmenn með LLL KFUM&K starfinu eru Sigurgeir Gíslason og Ísabella Theódórsdóttir, auk sóknarprests.

Aðventukvöldvaka Kórs Lindakirkju - andblær jólanna í tali og tónum

Kór Lindakirkju hélt sína fyrstu aðventukvöldvöku sunnudaginn 15. desember í Lindaskóla að viðstöddu fjölmenni. Dagskráin byggði á þekktum og lítt þekktari aðventu- og jólalögum auk þess sem félagar úr kórnum léku jólaleikritið Jóla hvað? ásamt sóknarprestinum. Einnig var upplestur, frásaga um tilurð sálmsins Heims um ból. Góður rómur var gerður að söng kórsins og þótti árangurinn undrum sæta en kórinn var stofnaður síðastliðið haust. Kórstjóri er Hannes Baldursson en einsöngvarar á Kvöldvökunni voru Svanhildur Sveinbjarnardóttir, Heiða Margrét Guðmundsdóttir og Gerður Huld Arinbjarnardóttir sem er nemandi í Lindaskóla og fermist næsta vor.

Alfa námskeið

Á vormánuðum mun verða haldið Alfa - námskeið á vegum Lindasóknar í Safnaðarheimilinu, Uppsölum 3. Alfa - námskeiðin, sem upprunnin eru í Bretlandi hafa farið sigurför um heiminn og verið kennd víða um land á síðari árum. Alfa námskeiðin bera undirtitilinn - Hver er tilgangurinn með lífinu? en um er að ræða kennslu um helstu atriði kristinnar trúar og lífið í trúnni. Hvert námskeiðskvöld hefst með léttum kvöldverði og lýkur með helgistund. Kynningarkvöld á Alfa námskeiðunum verður í Safnaðarheimili Lindasóknar miðvikudaginn 15. janúar 2003 kl. 20 en sjálft námskeiðið hefur göngu sína viku síðar, 22. janúar og hefst kl. 19. Aðgangur á námskeiðið er takmarkaður við 18 þátttakendur. Um er að ræða 10 miðvikudagskvöld auk helgarferðar um miðbik námskeiðsins. Kennarar verða Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur og Marteinn Steinar Jónsson, sálfræðingur.

Kirkja byggð í tvennu lagi

- hafist handa eftir fimm ár

Arnór L. Pálsson er íbúi í Salahverfi og framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna. Hann var kjörinn fyrsti formaður sóknarnefndar Lindasóknar sl. vor. Arnór er ekki óvanur slíkum störfum því hann var varaformaður sóknarnefndar Hjallasóknar í 15 ár eða frá stofnun. Arnór er kvæntur Betsy Ívarsdóttur og eiga þau 3 börn og 8 barnabörn.

Arnór hafði þá trú að kannski hefði verið rétt að bíða með skiptingu Hjallasóknar og stofnun Lindasóknar til ársins 2004, en fjölgun íbúa reyndist hraðari en nokkurn óraði fyrir. Ákvörðunin var hins vegar biskups, og hún ásættanleg. Verkefni stjórnarinnar er að styrkja safnaðarstarfið en með fyrstu verkum var að velja sókninni prest og organista. Í beinu framhaldi var hafist handa við að fá inni fyrir guðsþjónustur og annað safnaðarstarf Ánægjulegt samkomulag náðist við stjórnendur Lindaskóla og er Arnór mjög sáttur við þá aðstöðu sem þar hafi fengið.

“Það gekk giftusamlega hjá organistanum að stofna kirkjukór og nú höfum við fengið hús undir starfsemi á kirkjulóðinni vestan væntanlegs kirkjugarðs. Þar verður aðstaða sóknarprests og annað það safnaðarstarf sem fylgir, s.s. söngæfingar, mömmumorgnar, starfsemi aldraðra o.fl. Hátíðarmessur um jólin verða í Lindaskóla en fengið verður inni í nágrannakirkjunum með fermingar. Um það bil 300 manns sóttu fyrstu guðsþjónustuna og síðan hefur kirkjusókn verið góð. Ánægjulegt er að sjá fólk á öllum aldri í kirkju enda er óvenjumikil aldursblöndun íbúa í sókninni, meiri en almennt gerist í nýbyggðum

hverfum, bæði fólk á milli fimmtugs og sextugs og barnafólk sem er að hefja búskap.”

- Hvenær fær Lindasókn sína eigin kirkju?

“Það er ekki hægt að tíma-setja það, enda sóknin ekki enn ársögimul. Við ætlum að reyna að fara vel með okkar sóknargjöld og leggja í sjóði, en auðvitað ræðst það af því hve sóknin stækkar ört. Nú eru 4.500 manns í sókninni. Ég sé fyrir mér að kirkjan verði byggð í tvennu lagi, fyrst safnaðarheimili og síðan sjálft kirkjuskipið, og hægt verði að hefjast handa við fyrri hlutann eftir fimm ár. En það þýðir ekkert að að hefja framkvæmdir fyrr en búið er að tryggja byggingaframkvæmdum fjárhagslegan grundvöll.”

Sumir telja að mikil ásókn verði í nýja kirkju til jarðarfara vegna staðsetningar við kirkjugarðinn en fyrsti áfangi hans verður tekinn í notkun árið 2004. Arnór telur að það muni ekki skerða afnot sóknarbarna af nýrri kirkju þó þar fari fram allmargar útfarir. Setja þurfi fastar reglur um starfsemi kirkjunnar strax í upphafi, en sífellt eykst tíðni jarðarfara frá sóknarkirkjum. Arnór segist vona að á meðan sóknin sé án kirkju uni söfnuðurinn sáttur við góða aðstöðu í Lindaskóla.



Dagskráin í janúar 2003

sunnudagur 12. jan. kl. 11. Guðsþjónusta í Lindaskóla. Fermingarbörn sjá að mestu um helgihaldið.

þriðjudagur 14. jan. kl. 10. Mömmumorgunn í safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3 kl. 20 Kóræfing í safnaðarheimilinu

miðvikudagur 15. jan. kl. 20. Kynning á Alfa námskeiði í safnaðarheimili Lindasóknar, Uppsölum 3.

fimmtudagur 16. jan. kl. 20. Kóræfing í safnaðarheimilinu.

föstudagur 17. jan. kl. 15. LLL - KFUM&K í safnaðarheimilinu.

sunnudagur 19. jan. Messa í Lindaskóla kl. 11.00. Sunnudagaskóli fer fram í kennslustofum á meðan messu stendur.

þriðjudagur 21. jan. kl. 10. Mömmumorgunn í safnaðarheimilinu. kl. 20 - Kóræfing í Safnaðarheimilinu.

miðvikudagur 22. jan. kl. 19. Alfa - námskeið í safnaðarheimilinu.

fimmtudagur 23. jan. kl. 20 - Kóræfing í safnaðarheimilinu. föstudagur 24. jan. kl. 15. LLL KFUM&K í safnaðarheimilinu.

sunnudagur 26. jan. kl. 11. Fjölskylduguðsþjónusta í Lindaskóla.

þriðjudagur 28. jan. kl. 10. Mömmumorgunn í safnaðarheimilinu. kl. 20 Kóræfing í Safnaðarheimilinu.

miðvikudagur 29. jan. kl. 19. Alfa - námskeið í safnaðarheimilinu.

fimmtudagur 30. jan. kl. 20. Kóræfing í safnaðarheimilinu

föstudagur 31. jan. LLL KFUM&K í safnaðarheimilinu.